

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 31. júlí 2019

UST201901-213/H.E.

08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 2. maí, 2019, hjá Norðurá í Stekkjarvík.

Þann 2. maí sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja frávíka sem komu upp í eftirliti 2018.

Tveimur ábendingum var komið á framfæri í eftirlitinu varðandi skráningar og sex ný frávík komu fram er varða:

1. Gr. 5.5. í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi var skilað 20. maí en skv. ákvæði reglugerðar og starfsleyfis ber að skila því fyrir 1. maí árlega. Grænu bókhaldi hefur verið skilað og telst frávikinu því lokið.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Sigvatni undan urðunarstaðnum skal safnað saman og leitt í gegnum hreinsivirki áður en því er veitt til sjávar. Mælingar ofan og neðan hreinsivirkis sýna hækkaðan styrk á m.a. olíu og fitu sem gefur til kynna að olúskiljan sé ekki að virka sem skyldi.
3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Magn móttækis úrgangs árið 2018 var umfram heimild starfsleyfis. Skráð magn móttækis úrgangs voru rúm 21.745 tonn en heimilt er að taka móti 21.000 tonnum skv. starfsleyfinu árlega.
4. Gr. 5.2. í starfsleyfi. Mælingar á grunnvatni eru ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins en þar vantar mælingar neðan við urðunarstaðinn. Rekstraraðili hefur gert tilraunir til að ná mælingum á grunnvatni neðan við urðunarstaðinn en ekkert grunnvatn hefur komið í þá brunna sem settir hafa verið niður.
5. Gr. 3.3 og 5.2 í starfsleyfi. Lækur sem kemur fram sem grunnvatn ofan við urðunarstaðinn rennur á yfirborði í gegnum urðunarstaðinn. Vatnið fer ekki í

gegnum hreinsivirki og ekki eru gerðar mælingar á samsetningu vatnsins við útrásina.


6. Gr. 5.5 í starfsleyfi og reglugerð nr. 990/2008 um ústreymsibókhald. Ústreymsibókhaldi fyrir árið 2018 var skilað inn 6. maí sl. en skv. ákvæði starfsleyfis og reglugerðar ber að skila því fyrir 1. maí árlega. Ústreymsibókhaldi hefur verið skilað og telst því frávikinun lokið.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í tölulíð 2.-5. í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. ágúst, 2019.



Halla Einarsson
Halla Einarsson

Virðingarfyllst



Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra.

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá Stekkjarvík Stekkjarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá Stekkjarvík	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709 580284,876

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrri reglubundnu vettvangsferð ársins á urðunarstaðinn í Stekkjarvík.

Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna tveggja skráðra frávíka frá árinu 2018. Sex ný frávik frá starfsleyfi voru skráð í eftirlitinu og tveimur ábendingum komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfsemi sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi.
2. Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr gr. 2.4 í starfsleyfi.
 - a. Tilkynningar mengunaróhappa
3. Staðfesting trygginga sbr. gr. 2.11 í starfsleyfi
4. Úrbætur vegna frávíka úr eftirliti 2018
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

1. Umfang starfsemi

Tekið var á móti rúmlega 21.745 tonnum af úrgangi á síðasta ári sem er umfram heimild starfsleyfisins. Rekstraraðili vinnur að mati á umhverfisáhrifum og hyggst sækja um breytingu á starfsleyfi í kjölfarið. Í ár hefur verið tekið á móti um 6134 tonnum af úrgangi (fyrstu fjóra mánuðina) sem er rúmlega 3% minna en á sama tíma árið 2018. Skráningar á mótteknum úrgangi eru skv. upplýsingum frá flutningsaðilum og sjónmati rekstraraðila. Starfsmaður urðunarstaðarins fylgir hverjum farmi inn á svæðið þar sem að hann er losaður. Gifs er urðað með timburúrgangi og haldið frá lífrænum og öðrum almennum úrgangi.

Stöðug óvirk spilliefni eru einnig á afmörkuðu svæði innan urðunarstaðarins.

2. Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir. Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa til Umhverfisstofnunar voru sendar rekstraraðila og kynntar í vettvangsheimsókninni. Rekstraraðili hyggst uppfæra viðbragðsáætlunina í kjölfarið.

Neyðaráætlun ef kemur til óvæntrar stöðvunar liggur fyrir. Skriflegur samningur liggur fyrir um móttöku úrgangs á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum ef kemur til óvæntrar rekstrarstöðvunar.

3. Staðfesting trygginga

Eftirlitsaðili óskaði eftir endurnýjun á staðfesting á tryggingum um ábyrgð á fjárhagslegum skyldum sem starfsleyfinu fylgja sem og bráðamengunar hafs og stranda en sú sem liggur fyrir núna er gefin út árið 2010.

4. Úrbætur vegna frávíka úr eftirliti 2018

Í kjölfar frávíka úr eftirliti 2018 hefur rekstraraðili ráðist í tiltekt á svæðinu. Búið er að fjarlægja bílhæ af svæðinu og það efni sem eftir er hyggst rekstraraðili nýta við rekstur urðunarstaðarins s.s. í fokvarnir ofl. Sömmuleiðis var staðfest að verklag við móttöku rafgeyma hefur verið lagfært. Þeir eru nú geymdir innandyra. Í kjölfar ábendingar um að vélaverkstæði innan urðunarstaðarins væri án starfsleyfis hefur rekstraraðili sótt um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar og er það í vinnslu.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Með breytingu á lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhrættu vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur unnið slíkt kerfisbundið áhættumat sem var kynnt rekstraraðila í eftirlitinu. Í lok árs hyggst umhverfisstofnun taka heildræna rýni á niðurstöður áhættumatsins og nota til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða frá og með árinu 2020. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Byrjað var á að skoða stjórnstöð hauggassöfnunar. Þar eru sísmælingar í samræmi við ákvæði starfsleyfis en bæta þarf úr að upplýsingarnar séu vistaðar svo hægt sé að skoða gögn aftur í tímann.

Farið var niður að hreinsivirki sigvatns og litið á frárennsli til sjávar. Mælingar á sigvatni fyrir og eftir hreinsivirki sýna hækkaðan styrk á olú/fitu sem gefur til kynna að olúskiljan sé ekki að virka sem skyldi. Sömu leiðis mælist hærri styrkur af járn, arsen, nikkell, baríum, mólýbden, antimón og tini sem hugsanlega hreinsast úr í setubeði neðan við mælistaðinn. Rekstraraðili hefur leitað leiða við að setja niður mælibrunn neðan við setubeðið en það hefur ekki borið árangur. Setubeðið liggur niður að fjöruborði og brunnurinn sem grafinn var niður fyrir sjávarmál reyndist þurr.

Eins og fram kemur í 3. lið umfangsins hér að ofan hefur rekstraraðili ráðist í tiltekt á svæðinu og fjarlæggt bílhræ og annað af svæðinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 5.5. í starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald)	Grænu bókhaldi var skilað 20. maí en skv. ákvæði reglugerðar og starfsleyfis ber að skila því fyrir 1. maí árlega.
Grein 3.3 í starfsleyfi	Sigvatni undan urðunarstaðnum skal safnað saman og leitt í gegnum hreinsivirki áður en því er veitt til sjávar. Mælingar ofan og neðan hreinsivirkis sýna hækkaðan styrk á m.a. olíu og fitu sem gefur til kynna að olúskiljan sé ekki að virka sem skyldi.
Grein 1.2 í starfsleyfi	Magn móttækis úrgangs árið 2018 var umfram heimild starfsleyfis. Skráð magn móttækis úrgangs voru rúm 21.745 tonn en heimilt er að taka móti 21.000 tonnum skv. starfsleyfinu árlega.
Grein 5.2 í starfsleyfi	Mælingar á grunnvatni eru ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins en þar vantar mælingar neðan við urðunarstaðinn. Rekstraraðili hefur gert tilraunir til að ná mælingum á grunnvatni neðan við urðunarstaðinn en ekkert grunnvatn hefur komið í þá brunna sem settir hafa verið niður.
Grein 3.3. og 5.2 í starfsleyfi	Lækur sem kemur fram sem grunnvatn ofan við urðunarstaðinn rennur á yfirborði í gegnum urðunarstaðinn. Vatnið fer ekki í gegnum hreinsivirki og ekki eru gerðar mælingar á samsetningu vatnsins við útrásina
Grein 5.5. í starfsleyfi og reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald	Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2018 var skilað inn 6. maí sl. en skv. ákvæði starfsleyfis og reglugerðar ber að skila því fyrir 1. maí árlega.

ÁBENDINGAR

Bæta þarf skráningum á hauggasi þannig að þrýstingur, CH₄, CO₂, O₂, H₂S og H₂ sé vistað í gagnagrunn svo hægt sé að taka saman niðurstöður aftur í tímann t.d. í ársskýrslu.

Bæta þarf skráningar á svæði fyrir stöðug óvirk spilliefni innan urðunarstaðarins. Starfsmenn urðunarstaðarins hafa þekkingu á hvar óvirku spilliefnin eru urðuð en það liggur ekki fyrir skriflega.

ANNAÐ

Grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað 20. maí sl. og útstreymisbókhaldi 6. maí sl. Magntölum úrgangs fyrir árið 2018 hefur sömuleiðis verið skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar

Rekstraraðili var minntur á að haga skal móttöku á aukaafurðum dýra í samræmi við reglugerð 674/2017 um heilbrigðisreglur er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Reykjavík, 31.07.2019

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir